

Netmáli	Tenging
D4	01.12.202002.2021 Útg. 1.0

Tenging-vinnslueiningaSkilyrði um tengingu vinnslueiningar við flutningskerfi raforku

Formatted: Font: 12 pt

1. Inngangur

Formatted: Font: Arial, 12 pt

- 1.1 Skilmálar þessir eru settir á grundvelli raforkulaga nr. 65/2003 með síðari breytingum og reglugerð nr. 1040/2005 um framkvæmd raforkulaga.
- 1.2 Skilmálar þessir skilgreina þær forsendur sem þurfa að vera til staðar til þess að gerður verði tengisamningur við framleiðanda raforku sem æskir þess að tengjast flutningskerfi raforku. Jafnframt er skilgreint í skilmálum þessum hvaða viðmið beri að leggja til grundvallar þegar beita þarf undantekningarákvæði 1. tl. 3. mgr. 9. gr. raforkulaga er felur í sér heimild til þess að synja nýjum aðilum um aðgang að flutningskerfinu á grundvelli sjónarmiða um flutningsgetu, öryggi og gæði kerfisins.
- 1.3 Skilmálar þessir hafa verið samþykktir af Orkustofnun sbr. 6 mgr. 9. gr. raforkulaga.

2. Skilgreiningar

Formatted: Font: Arial, 12 pt

Eftirfarandi skilgreiningar gilda fyrir skilmála þessa:

- 2.1 *Tengisamningur vinnslueiningar* er samningur flutningsfyrirtækis við vinnslufyrirtæki, um tengingu vinnslueiningar við flutningskerfið, flutning raforku, mælingu hennar eða aðra þjónustu tengda afhendingarstað raforkunnar.
- 2.2 *Undirbúningsviðræður um gerð tengisamnings* eru viðræður um gerð tengisamnings sem geta, að ósk framkvæmdaraðila fyrirhugaðrar vinnslueiningar, hafist án þess að öllum skilyrðum um gerð tengisamnings sé fullnægt, sbr. grein 5.2.
- 2.3 *Vinnslueining* er mannvirki sem notað er til vinnslu raforku.

Að öðru leyti er vísað til skilgreininga raforkulaga nr. 65/2003, reglugerða settra á grundvelli þeirra, gildandi laga tengdum almenn skilyrðum skv. grein 4 og gildandi netmála Landsnets.

3. Almenn

Formatted: Font: Arial, 12 pt

- 3.1 Hlutverk og skyldur Landsnets eru skilgreindar í III. kafla raforkulaga nr. 65/2003. Meginhlutverk Landsnets er að annast rekstur flutningskerfis raforku og ber fyrirtækinu að byggja flutningskerfið upp á hagkvæman hátt að teknu tilliti til öryggis, skilvirkni, áreiðanleika afhendingar og gæða raforku, sbr. einkum 1. mgr. 9. gr. raforkulaga. Í rekstri flutningskerfisins felst m.a. að tengja alla sem eftir því sækjast við flutningskerfið, enda uppfylli þeir tæknileg skilyrði fyrir því og greiði tengigjald samkvæmt ákvæðum í gjaldskrá. Fjallað er um tæknilegar kröfur til vinnslueininga í netmála D.1.
- 3.2 Í kerfisáætlun sem Landsnet leggur árlega fyrir Orkustofnun skal gera grein fyrir áætlun um uppbyggingu flutningskerfisins, sbr. 9. gr. a. í raforkulögum nr. 65/2003. Kerfisáætlun skiptist í tímasetta langtímaáætlun um fyrirhugaða uppbyggingu til næstu tíu ára og framkvæmdaáætlun til næstu þriggja ára sem gerir grein fyrir fjárfestingum sem þegar hafa verið ákveðnar og tímaáætlun um hvernig ráðist verður í þær. Kerfisáætlun skal byggja á raunhæfum sviðsmyndum um þróun raforkuframleiðslu og raforkunotkunar. Lögbundið samráðsferli raforkulaga vegna málsmeðferðar kerfisáætlunar er mikilvægt fyrir vinnu við kerfisáætlun. Athugasemdir við áætlunina og upplýsingar um fyrirætlanir núverandi og væntanlegra viðskiptavina Landsnets um breytingu á raforkuframleiðslu eða raforkunotkun eru þýðingarmiklar til þess að hægt sé að gera kerfisáætlun sem best úr garði.
- 3.3 Í þessum netmála eru sett fram almenn skilyrði sem þurfa að vera uppfyllt til þess að hægt sé að hefja samningaviðræður um gerð tengisamnings vegna vinnslueiningar. Jafnframt er í netmála þessum skilgreint hvaða viðmiðanir beri að leggja til grundvallar þegar beita þarf undantekningarákvæði síðari málslíðar 1. tl. 3. mgr. 9. gr. raforkulaga nr. 65/2003 og synja

Netmáli	Tenging
D4	01.12.202002.2021 Útg. 1.0

einhverjum þeirra sem eftir hafa leitað um aðgang að flutningskerfinu á grundvelli sjónarmiða um flutningsgetu, öryggi og gæði kerfisins.

4. Almenn skilyrði

4.1 Skilyrði tengd lögum nr. 48/2011 um verndar og orkunýtingaráætlun.

- 4.1.1 Liggi það fyrir að viðkomandi vinnslueining muni nýta virkjunarkost sem falli utan gildissviðs laga nr. 48/2011 sbr. ákvæði 3. mgr. 3. gr. laganna er heimilt að hefja viðræður um gerð tengisamnings.
- 4.1.2 Eigi skilyrði samkvæmt grein 4.1.1. ekki við um viðkomandi vinnslueiningu þarf virkjunarkostur sem viðkomandi vinnslueining byggir á að falla í orkunýtingarflokk í skilningi laga nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun og hafa þá stöðu í verndar- og orkunýtingaráætlun sem samþykkt hefur verið í samræmi við 3. gr. laga nr. 48/2011 svo hefja megi viðræður um gerð tengisamnings.

4.2 Skilyrði tengd lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Til þess að viðræður um gerð tengisamnings verði hafnar þarf framkvæmd vegna fyrirhugaðar vinnslueiningar annaðhvort að falla undir 4.2.1. eða 4.2.2. að neðan:

- 4.2.1 Framkvæmdir sem falla í A flokk viðauka nr. 1 við lög um mat á umhverfisáhrifum og eru því ávallt matsskyldar sbr. 5. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum sem og framkvæmdir sem falla í B eða C flokk viðauka nr. 1, er matsskylduákvörðun kveður á um að séu matsskyldar þurfa að hafa farið í gegnum lögbundið ferli samkvæmt lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og því ferli lokið samkvæmt 11. gr. laga nr. 106/2000.
- 4.2.2 Matsskylduákvörðun um framkvæmdir sem falla í B eða C flokk viðauka nr. 1 við lög um mat á umhverfisáhrifum sbr. 6. gr. laganna þarf að liggja fyrir. Sé niðurstaða matsskylduákvörðunar að viðkomandi framkvæmd sé ekki matsskyld uppfyllir viðkomandi framkvæmd þær kröfur sem gerðar eru samkvæmt grein 4.2 og þá er þá hægt að hefja viðræður um gerð tengisamnings. Sé niðurstaða matsskylduákvörðunar hins vegar sú að framkvæmd sé matsskyld gilda skilyrði greinar 4.2.1 hér að ofan.

4.3 Skilyrði tengd heimildum til land og auðlindanýtingar á fyrirhuguðu framkvæmda- og áhrifasvæði viðkomandi vinnslueiningar.

Eftirfarandi skilyrði þurfa Til þess að gilda svo hægt sé að hefja viðræður um gerð tengisamnings: verði hafnar þurfa efnisatriði greinar 4.3.1. eða 4.3.2. að neðan að eiga við um hina fyrirhuguðu framkvæmd:

- 4.3.1 fyrirliggjandi þarf að vera yfirlýsing lögmans þar sem fram komi að framkvæmdaraðili hafi tryggt sér eignarrétt eða nýtingarrétt nauðsynlegs lands, landgæða, vatnsréttinda, jarðhitaréttinda eða annarra orkulinda eftir því sem við á, aðstöðu og annarra réttinda landeiganda eða umráðahafa sem nauðsynleg eru til þess að fyrirhuguð framkvæmd vegna viðkomandi vinnslueiningar geti náð fram að ganga. Á þetta jafnt við hvort sem þau réttindi sem um ræðir er að finna í eignarlöndum eða þjóðlöndum. —Með yfirlýsingu lögmans skal fylgi listi yfir þá samninga sem framkvæmdaraðili hefur gert í framangreindum tilgangi.

með yfirlýsingu lögmans sbr. 4.3.1 að ofan fylgi listi yfir þá samninga sem framkvæmdaraðili hefur gert í framangreindum tilgangi.

Netmáli	Tenging
D4	01.12.202002.2021 Útg. 1.0

4.3.2 framkvæmdaraðili hafi lýst því yfir að hann hyggist leita eftir eignarnámi vegna nauðsynlegs lands, landgæða, vatnsréttinda, jarðhitaréttinda eða annarra orkulinda eftir því sem við á, aðstöðu og annarra réttinda landeiganda eða umráðahafa sem nauðsynleg eru til þess að fyrirhuguð framkvæmd vegna viðkomandi vinnslueiningar geti náð fram að ganga. Ef ætlan framkvæmdaraðila er að óska eftir eignarnámi vegna hluta þeirra réttinda sem nauðsynleg eru vegna viðkomandi framkvæmdar en hefur náð samningum og/eða hyggst nýta eigin eignarréttindi að öðru leyti skal gera grein fyrir því með nákvæmum hætti og skal þá yfirlýsing lögmanns liggja fyrir þar sem fram komi að framkvæmdaraðili hafi tryggt sér eignarrétt eða nýtingarrétt annarra nauðsynlegra réttinda en ætlunin að leita eftir eignarnámi á.

4.3.2

4.4 Skilyrði tengd skipulagsáætlunum samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010

Til þess að viðræður um gerð tengisamnings verði hafnar þarf að sýna fram á að starfssemi fyrirhugaðrar vinnslueiningar sé ekki í andstöðu við skilgreinda landnotkun á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði samkvæmt gildandi skipulagsáætlunum.

5. Tilhögun samningsgerðar og heimild til frávika frá skilyrðum

- 5.1 Til þess að formlegar viðræður um gerð tengisamnings geti hafist þurfa skilyrði samkvæmt liðum 4.1 - 4.4 að ofan að vera uppfyllt. Formlegar viðræður um tengisamnings hefjast með skriflegu samkomulagi þar sem fyrirkomulagi viðræðna, verklagi og áætluðum tíma er lýst í meginatriðum.
- 5.2 Að beiðni framkvæmdaraðila fyrirhugaðrar vinnslueiningar er heimilt að hefja undirbúningsviðræður um gerð tengisamnings þó skilyrði samkvæmt liðum 4.2 – 4.4 séu ekki að fullu uppfyllt. Undirbúningsviðræður að gerð tengisamnings skapa framkvæmdaraðila ekki ríkari rétt en öðrum ef sú staða kemur upp, áður en skilyrði samkvæmt liðum 4.2 – 4.4 hafa verið uppfyllt og tengisamningur undirritaður, að beita þurfi undantekningarákvæði síðari málslíðar 1. tl. 3. mgr. 9. gr. raforkulaga.
- 5.3 Framkvæmdaraðili sem óskar eftir undirbúningsviðræðum á grundvelli greinar 5.2 skal ábyrgjast kostnað sem Landsnet kann að hafa af slíkum viðræðum og endurgreiða Landsneti áfallinn kostnað ef ekki verður af gerð tengisamnings vegna viðkomandi vinnslueiningar. Í samkomulagi um framkvæmd undirbúningsviðræðna um gerð tengisamnings skal eftir föngum gerð grein fyrir umfangi og samsetningu þess kostnaðar sem kann að falla á framkvæmdaraðila ef ekki verður af gerð tengisamnings. -Verkbættir tengdir vinnu vegna undirbúningsviðræðna eru misjafnir milli verkefna en helstu bættir sem þó eru ekki tæmandi eru eftirfarandi: frumgreining, leiðarval, rannsóknir, umhverfismat, verkefnaráð, skipulagsmál og verkhönnun. Ekki er hægt að ganga út frá því að allir bættir sem taldir eru upp hér að framan eigi við í hverju tilviki og að sama skapi geta aðrir verkþættir komið til, allt eftir eðli verkefna. Ætla má að hlutfall ofangreindra undirbúningsþátta geti numið 4-7% af heildarkostnaði við tengingu.

Netmáli	Tenging
D4	01.12.202002.2021 Útg. 1.0

6. Beiting undantekningarákvæðis síðari málslíðar 1. tl. 3. mgr. 9. gr. raforkulaga

- 6.1 Þegar upp koma þær aðstæður að beita þurfi undantekningarákvæði síðari málslíðar 1. tl. 3. mgr. 9. gr. raforkulaga skal Landsnet tilkynna þeim aðilum sem hagsmuna eiga að gæta vegna þessa skriflega um að fyrirsjáanlegt sé að beita þurfi ákvæðinu og synja einum eða fleirum um tengingu.
- 6.2 Komi til þess að beita þurfi undantekningarákvæði síðari málslíðar 1. tl. 3. mgr. 9. gr. raforkulaga þurfa fyrirhugaðar framkvæmdir sem til greina koma þegar valið er á milli framkvæmda að uppfylla öll skilyrði samkvæmt grein 4 hér að ofan.
- 6.3 Framkvæmdaraðili fyrirhugaðrar vinnslueiningar þarf jafnframt að leggja eftirfarandi fram:
 - 6.3.1 Ítarlegt mat þriðja aðila (verkfræðistofu eða annars viðeigandi ráðgjafa) á afkastagetu þess orkugjafa sem fyrirhuguð virkjun byggir orkuvinnslu sína á.
 - 6.3.2 Rekstraráætlanir sem greini með nákvæmum hætti áætlaða vinnslu virkjunar, þ.m.t:
 - i. áættlanir sem sýni áætlaða vinnslu á mismunandi tímabilum (m.a. sveiflu milli árstíða ef við á) með eins nákvæmum hætti og unnt er,
 - ii. greint sé frá hvort áætlað sé að raforkan verði seld á markaði eða hvort gerðir verði samningar um ráðstöfun orkunnar fyrirfram og skal þá greina frá tímalengd og öðrum þáttum samninga er áhrif geta haft á starfrækslu flutningskerfis raforku,
 - iii. Eftir því sem tók eru á skal greint frá því hvar álag á móti vinnslu verður staðsett í flutningskerfi Landsnets.
 - 6.3.3 Upplýsingar um önnur atriði tengd rekstri fyrirhugaðrar vinnslueiningar sem Landsnet telur að skipt geti máli við val á milli virkjunaraðila.

Netmáli	Tenging
D4	01.12.202002.2021 Útg. 1.0

- 6.4 Við beitingu undantekningarákvæðis 1. tl. 3. mgr. 9. gr. raforkulaga skal veita þeim vinnsluaðila forgang sem Landsnet telur sýnt að hagkvæmast sé fyrir Landsnet að tengjast. Meta skal hagkvæmni tenginga með sömu aðferð og notuð er til að meta hvort til komi kerfisframlag við nýja tengingu. Sjá aðferð og sýnidæmi í netmála D3. Við mat þetta skal tekið tillit til væntra tekna af viðkomandi vinnslueiningum yfir það tímaskeið sem Landsnet telur líklegt að takmörkun á flutningsgetu í flutningskerfi raforku vari.

Sú tenging sem hefur hæsta núvirta sjóðstreymið að frádregnum fjárfestingakostnaði nýtur forgangs við tengingu flutningskerfið. Heimilt er að leggja mat á það hvort samrekstrarsamningar við aðrar vinnslueiningar geti breytt niðurstöðu forgangsörðunar við tengingu.

Einnig skal tiltaka kostnað við niðurrif eldri virkja ef við á og afskriftir vegna þeirra. Áætla skal hvaða áhrif framkvæmdin hefur á magn flutningstapa eftir því sem mögulegt er. Einnig skal taka fram hver arðsemi eigin fjár framkvæmdar og arðsemi heildarfjármagns framkvæmdar er í samræmi við ákvæði 8. gr. reglugerðar nr. 870/2016 um kerfisáætlun fyrir uppbyggingu flutningskerfis raforku.

Eftir því sem við á skal leggja mat á það hvort starfræksla mismunandi vinnslueininga leiði af sér mismikinn kostnað við að viðhalda viðunandi öryggi flutningskerfisins, áreiðanleika afhendingar og gæða raforku. Skal þá taka til greina kostnað sem felst í nauðsynlegum búnaði til að tryggja að flutningskerfið verði ekki fyrir rekstrarvandamálum, t.d. vegna tíðni, spennu eða yfirtóna.

Markmiðið skal vera að sú takmarkaða flutningsgeta sem til ráðstöfunar er nýtist eins vel og kostur er.

Vinnsluaðili þarf jafnframt að standast kostgæfnisathugun á fjárhagslegum burðum vegna þess verkefnis sem leiðir til þess að beita þurfi undantekningarákvæði síðari málsliðar 1. tl. 3. mgr. 9. gr. raforkulaga.

- 6.5 Ákvörðun Landsnets um að synja nýjum aðila um aðgang að flutningskerfinu á grundvelli þeirra sjónarmiða sem rakin eru í 1. tl. 3. mgr. 9. gr. raforkulaga skal vera skrifleg og rökstudd. Jafnframt skal koma fram eftir því sem kostur er með hvaða hætti og innan hvaða tíma megi gera breytingar á kerfinu til þess að unnt sé að tengja viðkomandi aðila (vinnslueiningu).